

LISTIR

Innsýn í kínverska málalaglist samtímans

OPNUÐ verður í dag í Listasafni Reykjavíkur – Kjarvalsstöðum, sýningin Kínversk samtímalist – úr einkasafni Fred Leferink. Þar er að finna 26 málverk eftir sex listamenn sem búa og starfa í Kína. Verkunum hefur Leferink safnað á undanförunum sjö árum og meðal þeirra eru málverk eftir Fang Lijun, sem vakið hefur talsverða athygli á alþjóðavettvangi, en einnig eftir Liu Ye, Yue Minjun, Zhang Xiaogang, Yang Shaobin og Guo Wei.

Fred Leferink er Hollendingur búsettur í Amsterdam, en bjó á Íslandi um nokkurt skeið og kemur hingað reglulega. Fred hefur starfað á sviði viðskipta- og stjórnmála, og segist safna listaverkum af áhuga og sem listunandi. „Ég safna listaverkum af ýmsu tagi, en fylgi engri sérstakri stefnu í söfnuninni. Ég sækist fyrst og fremst eftir verkum sem snerta mig á einhvern hátt, og kalla fram einhverjar óútskýranlegar tilfinningar. Söfnun mín snýst ekki um að eiga

verkin eða að byggja upp hið fullkomna safn. Ég lít fremur svo á að ég eignist leyfi til að líta eftir verkunum um hríð og njóta þeirra um leið,“ segir Fred.


Litróf mannsálarinnar

Verkin sem sýnd eru á Kjarvalsstöðum voru öll unnin á undanförunum 10 árum og teljast til framúrstefnu-málverka. Fred segir málara alla koma úr nánnum hópi listamanna sem búi í þorpinu Song Zhuhang rétt utan



Morgunblaðið/Ásdís

Fred Leferink heillaðist af verkum kínverskra málara eftir að hann kynntist verkum listamannsins Fang Lijun fyrir sjö árum.



við Peking. „Málverk af þessu tagi hafa m.a. verið kennd við kaldhæðin raunsæi eða töfraraunsæi. Þau eru máluð á tíma sem margir framsækir kínverskir listamenn fundu fyrir sár- um vonbrigðum með framtíðina í kjölfar bælingar stúdentauppreisnarinnar á Torgi hins himneska friðar. Ég skynja þessi verk þó ekki út frá neinum skilgreindum listfræðilegum mælikvörðum. Það sem ég sé í verkunum eru átök andstæðna og mótsagnakenndar tilfinningar, sem allt eins geta skírskotað almennt til litrófs mannsálarinnar. Verkin sýna öll manneskjur í einhverjum aðstæðum, og er þetta þema sem ég áttaði mig ekki á fyrr en eftir að hafa eignast verkin. En um leið má kannski segja að sýningin veiti ákveðna innsýn í það sem kínverskir málara hafa verið að gera undanfarinn áratug.“

Fred segist fyrst hafa gefið verkum kínverskra samtímamálara gaum eftir að hann sá málverk eftir Fang Lijun í gallerí í Amsterdam. „Fang Lijun er með fremstu listamönnum í Kína, en Yue Minjun og Liu Ye hafa einnig náð að vekja nokkra athygli. En það er erfitt fyrir listamenn utan Evrópu og Bandaríkjanna að hasla sér völl í hinum alþjóðlega listheimi og fáir þekkja kínverska samtímalistamenn. Sjálfur reyni ég að leggja mig eftir því að horfa út fyrir þessi vestrænu landamæri. Auðvitað er hálfgerð vitleysa að tala um „kínverska list“, eða „þýska list“, svo dæmi séu nefnd. Margir málara sem eiga verk á þessari sýningu hafa lært eða dvalið um skeið á Vesturlöndum. Þannig væri nær að tala almennt um samtímalist í alþjóðlegu samhengi,“ segir Fred Leferink að lokum.

Við gerum góða Skaftahlíð betri!

Kosningamiðstöð Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík verður opnuð í Skaftahlíð 24 í dag klukkan 14. Þar verður margt til skemmtunar; Björn Bjarnason flytur ávarp, Egill Ólafsson og Selma Björnsdóttir syngja og fleiri góðir kraftar leggja sitt af mörkum. Kaffiveitingar í boði, pylsur, gos og ís fyrir börnin.

Allir velkomnir.



Kosningamiðstöðin verður opin alla virka daga frá klukkan 13-21 og laugardaga og sunnudaga frá klukkan 12-18.

www.reykjavik2002.is


Reykjavík
í fyrsta sæti

Leiklistar- nemar frum- sýna barna- leikrit

NEMENDUR þriðja bekkjar leiklistardeildar LHÍ frumsýna barnaleikritið Lísu í Undralandi í Smiðjunni, nemendaleikhúsinu, Sölvhóls-götu 13, í dag kl. 13.

Sögurnar um Lísu í Undralandi eru flestum kunnar en þar bregður fyrir ýmsum furðuverum, s.s. skjaldböku sem dreymir um að fljúga, sívilltu kanínunni, hattaranum undarlega, kálorminum spekinglega, kónginum undirgefna, drottningunni sem logar af reiði, hertogaynjunni dansandi og fleirum. Lísa lendir í margvíslegum ævintýrum og furðulegum uppákomum er hún reynir að skilja hvað um er að vera, hvar hún er og hvernig hún komist heim.

Leikgerðina skrifar Kristín Ómarsdóttir eftir sögu Lewis Caroll. Leikstjóri er María Sigurðardóttir, leikmynd og lýsing hannar Egill Ingibergsson og Helga I. Stefánsdóttir búninga.

Leikendur eru Bryndís Ásmundsdóttir, Esther Talía Casey, Ilmur Kristjánsdóttir, Marianna Klara Lúthersdóttir, María Heba Þorsteinsdóttir, Þorleifur Arnarson, Davíð Guðbrandsson og Björn Thors.

Sýningar verða daglega næstu vikur.